

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Margrjetar **113** Bjarnadóttur« frá Bergvík í Leiru, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 12. nóv. dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 12. nóvember 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík í Leiru.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af dánargjöf Margrjetar Bjarnadóttur frá Bergvík í Leiru í Gerðahreppi, og heitir »Styrktarsjóður Margrjetar Bjarnadóttur«.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 1302,69 í peningum, og skal ávaxta hann í spari-sjóðnum í Keflavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er samkvæmt arfleiðsluskrá hinnar látnu, dags. 24. maí 1914, að veita hjálp fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum, og þegar sjóðurinn er orðinn 3000 kr., má í því skyni verja $\frac{2}{8}$ hlutum vaxtanna og úthluta árlega styrk úr honum, er eigi má vera minni en 40 kr. handa ekkju eða barni. En $\frac{1}{8}$ hluta vaxtanna skal leggja árlega við höfuðstólinn, er aldrei má skerða. Þyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert árið að úthluta neinu af vöxtunum, skal leggja þá við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi, meta verðleika til styrks úr sjóðnum og úthluta honum: sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, hjeradslæknirinn í Keflavíkurhjerði og presturinn í Útskálaprestakalli. Skal reikningur sjóðsins saminn árlega eigi síðar en 1. febrúar, og síðan birtur í Stjórnartíðindunum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Hafnarfirði, 27. mars 1917.

Magnús Jónsson
sýslum.

Þorgrímur Þórðarson
læknir.

Kristinn Danielsson
fyrv. prestur á Útskálum.